



Reykjavík 24.08.2018

Borgarráð Reykjavíkur


Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 22. ágúst 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóli


Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 26. apríl 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 47 við Bólstaðarhlíð, Háteigsskóli. Í breytingunni felst að koma fyrir byggingarreit fyrir tvær færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar. Auk þess er lóðarmörkum að Stakkahlíð 1 breytt í samræmi við gildandi deiliskipulag á þeirri lóð, samkvæmt uppd. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 26. apríl 2018. Tillagan var auglýst frá 30. maí 2018 til og með 11. júlí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/umsagnir: Hverfisráð Hlíða dags. 4. júní 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2018. *Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2018.*
Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Harri Ormarsson

Fylgiskjöl: uppd. dags. 26. apríl 2018, ath./umsögn Hverfisráðs Hlíða dags. 4. júní 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2018.

Bólstaðarhlíð 47 - Háteigsskóli - Breyting á deiliskipulagi v. færarlegra kennslustofa



Gildandi deiliskipulag fyrir Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóla. Breyting samþykkt í Borgarráði 30.apríl 2015. Mkv.1.1000

GREINAGERÐ:

Gildandi deiliskipulag.
Í gildi er breytt deiliskipulag fyrir Bólstaðarhlíð 47 samþykkt í Borgarráði 30.apríl 2015 og auglýst í B-deild Stjórnatiðinda 29.07.2015.


Á lóðinni er grunnskóli. Heildarstærð skólalóðar er 11.696 m² eftir breytingu á lóðamörkum. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er staðsetning bílastæða leiðbeinandi. Á lóðinni eru þrjár færarlegar stofur á byggingarreit samþykktum 2015.

Breyting á deiliskipulagi.
Breytingin felst í því að koma fyrir byggingarreit fyrir tvær færarlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar. Stofurnar verða nýttar fyrir kennslu. Nýja stofan er einnar hæðar með mænispaki og er um 80 m² hvor auk um 2m² tengingangs. Auk þess er lóðarmörkum að Stakkahlíð 1 breytt í samræmi við gildandi deiliskipulag á þeirri lóð.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Helstu stærðir:

FYRIR BREYTINGU		EFTIR BREYTINGU	
Lóðarstærð:	11.492 m2	Lóðarstærð:	11.696 m2
Byggingar (brúttó)		Byggingar (brúttó)	
Háteigsskóli	4.199 -	Háteigsskóli	4.199 -
Færarlegar skólastofur	210 -	Færarlegar skólastofur	380 -
Alls	4.409 m2	Alls	4.579 m2
Nýtingarhlutfall á lóð	0,38	Nýtingarhlutfall á lóð	0,39



Tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Bólstaðarhlíð 47. Mkv.1:1000



Skýringarmynd: Loftmynd með færarlegum kennslustofum bætt inn á. Mkv.1:1000



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

- Afmörkun breytingar
- Lóðamörk
- Byggingarreitur f. færarlegar kennslustofur
- Eldri lóðamörk (falla niður)

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í

samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga

nr. 123/2010 var samþykkt í _____

þann _____ 20__ og í _____

þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__

með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____ 20__

Staðgreinir : 0-1-1271201

Verk BÓLSTAÐARHLÍÐ 47	Teikn.nr. 1
HÁTEIGSSKÓLI	DBÓL47-18006
Deiliskipulagsbreyting vegna færarlegra kennslustofa	Mkv. 1:1000
Teiknað/hannað af DH	Dags. 26.04.2018

Rúnar Gunnarsson arkitekt FAÍ 090550-7999
Dagný Helgadóttir arkitekt FAÍ 220849-3769
Anna Maria Benediktsdóttir arkitekt 041265-3969
Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík, sími: 411- 8000

Reykjavík 4. júní 2018

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Efni bréfs: Deiliskipulag vegna breytingar á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 47 við Bólstaðarhlíð, Háteigsskóli.

Eftirfarandi var bókað og lagt fram til umsagnar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar leggja fram svohljóðandi umsögn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar óska eftir að nýjum færanlegum skólastofum verði komið fyrir á sama stað og aðstaða fyrir frístund á lóð sunnan megin við íþróttahús á Kennaraháskólareit. Einnig ítrekar Hverfisráð að stækkað verði við skólann og skólalóðin stækkuð sömuleiðis.

Íbúasamtök 3. hverfis, Hlíða, Holta og Norðurmýra leggja fram svohljóðandi bókun.

Nú þegar er svo mjög þrengt að útivistasvæði nemenda og því leggjast Íbúasamtökin alfarið gegn því að tveimur færanlegum skólastofum verði komið fyrir á besta stað á suðausturhluta skólalóðar. Fermetrar á hvern nemenda er sá minnsti sem þekkist í Reykjavík þegar kemur að útivistasvæði skólans og skora íbúasamtökin á borgaryfirvöld að finna lausn þar sem hagur nemenda er hafður í fyrsta sæti. Framkoma skipulagsyfirvalda þegar kemur að þéttingu byggðar kringum Háteigsskóla er ekki til eftirbreyttni og leggja samtökin til að þau verði endurskoðuð með hag íbúa hverfsins að leiðarljósi.

Hverfisráð óskar eftir að svörum við þessu erindi

F.h. hverfisráðs Hlíða

Hörður Heiðar Guðbjörnsson

Verkefnastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða



Dags.: 20.08.2018/gej.

Varðar: Breyting á deiliskipulagi lóðarinnar Háteigsvegur 47 (Háteigsskóli).

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 26. apríl 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 47 við Bólstaðarhlíð, Háteigsskóli. Í breytingunni felst að koma fyrir byggingarreit fyrir tvær færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar. Auk þess er lóðarmörkum að Stakkahlíð 1 breytt í samræmi við gildandi deiliskipulag á þeirri lóð, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs dags. 26. apríl 2018.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/umsagnir: Hverfisráð Hlíða dags. 4. júní 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20.08.2018.

Tillagan var auglýst frá 30. maí 2018 til og með 11. júlí 2018.

Athugasemdir bárust frá:

Hverfisráð Hlíða / íbúasamtök Hlíða dags. 4.júní 2018.

Athugasemdin er í meginatriðum eftirfarandi:

Óskað er eftir að nýjum færanlegum skólastofum verði komið fyrir á sama stað og aðstaða fyrir frístund á lóð sunnan megin við íþróttahús á lóð Kennaraháskólans (Menntavísindasvið HÍ) auk þess að skólinn og skólalóðin verði stækkuð.

Mjög sé þrengt að útivistasvæði nemenda og því lagst alfarið gegn því að tveimur færanlegum skólastofum verði komið fyrir á besta stað á suðausturhluta skólalóðar.

Fermetrar á hvern nemenda er sá minnsti sem þekktist í Reykjavík þegar kemur að útivistasvæði skólans og skorað á borgaryfirvöld að finna lausn þar sem hagur nemenda er hafður í fyrsta sæti.

Framkoma skipulagsyfirvalda þegar kemur að þéttingu byggðar kringum Háteigsskóla er ekki til eftirbreyttni og leggja samtökin til að þau verði endurskoðuð með hag íbúa hverfisins að leiðarljósi.

Svar:

Vegna fjölgunar nemenda og tilheyrandi þrengsla í skólanum er óskað eftir að koma fyrir færanlegum kennslustofum þar sem fyrirhugað er að koma fyrir nemendum 7.bekkjar.

Greiningarvinna varðandi stækkun skólans er í gangi og því um skammtímalausn að ræða.

Staðsetning er valin af skólastjórnendum Háteigsskóla með tilliti til þess að gera skólastarfið auðvelt og skilvirkt bæði fyrir nemendur og kennara. Stefna skólayfirvalda er að nemendur í færanlegum kennslustofum séu í sem nánustu tengslum við skólann og vegalengdir sem stýstar að matsal, verkmenntastofum og annarri þjónustu. Ekki var um marga valkosti að ræða en nefndir voru bílastæðin og svæðið við frístund sunnan megin við íþróttahús KHÍ. Bílastæðin þykja fá og eru nýtt bæði af kennurum og foreldrum en þar er einnig aðkoma rútu sem fer með nemendur í sundkennslu. Ekki kom til greina að staðsetja kennslustofurnar á lóð KHÍ vegna of mikillar fjarlægðar.

Staðsetningin kennslustofanna er á því svæði sem minnst er notað af nemendum og skerðir ekki yfirsýn yfir skólalóðina sem er mikilvægt fyrir bæði kennara og nemendur. Verið er að staðsetja minna boltasvæði með grasyfirborði og leiksvæði austan megin við skólann og er það hugsað fyrir yngstu nemendurna.

Af ofangreindu er ljóst að endurskoðun svæðisins og staðsetning húsanna er gerð með hag nemenda og kennara í huga.

Gildandi deiliskipulag á lóð Kennaraháskólans miðaðist við að þrengja ekki að lóð Háteigsskóla og að lóðirnar gætu að einhverju leyti samnýst. Í nýlegri deiliskipulagsbreytingu var t.d. samið um heimild til að staðsetja byggingu fyrir frístundastarf Háteigsskóla innan lóðar Kennaraháskólans sem þýðir rýmkun á skólalóðinni.

NIÐURSTAÐA:

Lagt er til að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt.

f.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík
Guðlaug Erna Jónsdóttir arkitekt /verkefnisstjóri.